

Sp.

454. Tillaga til þingsályktunar

[231. mál]

um auknar framkvæmdir í orkumálum á árinu 1979.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Gunnar Thoroddsen, Friðjón Þórðarson, Eggert Haukdal, Albert Guðmundsson, Jón G. Sólnes, Ólafur G. Einarsson, Ellert B. Schram, Pálmi Jónsson, Oddur Ólafsson, Sverrir Hermannsson, Matthías Bjarnason.

Vegna gífurlegrar hækkunar oliuverðs, sem nú er skollin á, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að endurskoða fyrirætlanir um framkvæmdir í orkumálum á árinu 1979 til þess að hraða megi sem mest, að

- 1) innlendir orkugjafar komi í stað olíu,
- 2) nýttur verði ódýrari innfluttur orkugjafi í stað dýrari,
- 3) hagnýtt verði betur afgangsortka.

Endurskoðunin skal sérstaklega ná til eftirfarandi verkefna:

1. Hraðað verði lagningu aðalháspennulína rafmagns til að draga úr vinnslu raforku með disilvélum og hagnýta megi meira en orðið er rafmagn til upphitunar húsa.
2. Hraðað verði styrkingu rafdreifikerfis í sveitum, svo að það megi anna aukinni rafhitun.
3. Lokið verði sveitarafvæðingunni.
4. Aukin verði jarðhitaleit og hagnýttir verði til fulls jarðborar ríkisins í því skyni.
5. Hraðað verði framkvæmdum við hitaveitur og fjarvarmaveitur.

Fjármagn það, sem þarf á árinu 1979 til aukinna framkvæmda í orkumálum, skal fá með lántökum og beinum framlögum úr ríkissjóði, enda verði beitt niðurskurði á öðrum útgjöldum ríkissjóðs í því skyni.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er flutt vegna válegra atburða í orkumálum landsins. Þar er um að ræða hina gífurlegu verðhækkun á olíu, sem nú hefur skollif á. Markaðsverð á olíu í Rotterdam, sem ræður innflutningsverði til Íslands, var í febrúar 1979 100% til 150% herra en að meðaltali árið 1978. Þó að vonir standi til að verðið lækki þegar á árið líður, er við því að búast, að verulegur hluti hækkunarinnar verði langvarandi.

Þessi mikla hækkun oliuverðs hefur að sjálfsögðu margháttuð og alvarleg áhrif. Viðskiptakjörin versna og slíkt skerðir þjóðartekjurnar. Harðast kemur þetta svo niður á fiskveiðum og þeim fjórðungi þjóðarinnar, sem kyndir hús sín með gasolíu.

Þessi alvarlega oliuverðshækkun kallar á margvísleg viðbrögð, sem þurfa að miða að því að draga úr áhrifum hennar á almenna verðþróun í landinu. Skattlagningu ríkisins á olíu þarf að breyta svo að hún nái ekki til þeirrar verðhækkunar á olíu, sem nú hefur orðið. Olíustyrki til þeirra, sem búa við olíukyndingu, þarf að hækka svo að þeir standi að minnsta kosti ekki verr að vígi en fyrir oliuverðshækkunina. Gera verður sérstakar ráðstafanir til þess að gera útgerðinni kleift að rísa undir hækkun oliuverðsins, en í því efni hefur þegar komið til aðgerða, svo sem kunnugt er. Átak þarf að gera til orkusparnaðar frekar en orðið er, bæta nýtingu orkugjafa, skipta á ódýrari innfluttum orkugjafa fyrir annan dýrari, hagnýta afgangsortku, bæta einangrun húsa o. fl. Í tilefni af oliuverðshækkuninni nú ættu olíuviðskiptasamningar landsins og ákvæði þeirra um verðtengingu og afhendingu að koma til endurskoðunar þegar við næstu samningsgerð. Þannig mætti áfram telja, svo mörg verkefni sem eru óleyst á þessum vettvangi. Og eru þá ótalin viðfangsefni, sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um og varða grundvöllin í orkubúskap Íslendinga.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er lögð fram, snýr að tilteknum verkefnum í orkumálum þjóðarinnar og varðar framkvæmdir á árinu 1979. Um einstaka liði tillögunnar skal tekið fram eftirfarandi:

1. Eitt meginverkefnið í orkumálum á undanförunum árum hefur verið samtenging landsins í eitt raforkukerfi. Af hagkvæmni- og öryggisástæðum þarf að tengja saman orkuver landsins í eitt aðalorkuflutningskerfi og reka þau í fullkomnum samrekstri með fyllstu nýtingu orkugjafa, mesta rekstraröryggi og lægsta vinnslu- og flutningskostnað fyrir augum. Mikið hefur áunnist í þessum efnum með tilkomu Norðurlínu og Austurlínu. En mikið er enn ógert er varðar aðalorkulínur í einstökum byggðarlögum. Allur dráttur í þessum efnum veldur miklum þjóðhagslegum skaða og leggur óheyrilegar byrðar á íbúa einstakra byggðarlaga. Keyrir nú um þverbak í þessum efnum við oliuverðshækkunina sem nú er orðin. Gleggsta dæmið um þetta er drátturinn á tengingu Vestfjarða við aðalorkukerfi landsins með lagningu Vesturlínu. Við stofnun Orkubús Vestfjarða árið 1977 var gert ráð fyrir að Vesturlínu yrði lokið 1/10 1979. Nú er ætlunin að víkja frá þessari tímasetningu og framkvæma verkið á lengri tíma. Miðað við að þessu verki verði lokið í árslok 1980 er áætlað að kostnaður Orkubúsins vegna dísilkeyrslu, sem komist hefði verið hjá ef verkinu hefði verið lokið á tilsettum tíma, nemi nálega 1 500 millj. kr. miðað við verð á gasolíu í lok febrúar 1979. Þá er ótalið það tjón fyrir íbúa þessa landshluta að vera án þess rafmagns sem Vesturlína hefði getað flutt á þessum tíma til fjarvarmaveitna og annarrar upphitunar húsa. Það eru slíkar staðreyndir sem þessi sem krefjast að allt kapp sé lagt á að hraða lagningu aðalháspennulína.
2. Nú er styrking rafveitukerfis orðin aðkallandi og brýnt verkefni. Þetta er forsenda þess, að sveitir landsins geti notið upphitunar húsa með rafmagni og innlendir orkugjafi geti leyst gasolíuna af hólmi. Hér er því á ferðinni verkefni, sem hraða verður svo sem nokkur kostur er.
3. Nú er aðeins eftir að rafvæða í sveitum 50 býli, sem gert er ráð fyrir að fái rafmagn frá samveitum, en það er 50 býlum of mikið. Því er lagt til, að þessu verki verði lokið á árinu 1979 svo að linni gasolíuotkun á þessum býlum til dísilkeyrslu og innlendir orkugjafi taki við.
4. Jarðvarminn er hagkvæmasti orkugjafinn til upphitunar húsa. Því má einskis láta ófreistað að leita hans, þar sem hann kann að vera. Eins og nú horfir verður ekki sagt, að nóg sé að gert á árinu 1979. Ekki er einu sinni séð fyrir nægilegu fjármagni til að fullnýta þá jarðbora, sem eru í eigu ríkisins. Slíkt er með öllu óviðunandi. Jarðhitaleitin er undanfari nýrra hitaveituf framkvæmda og aukningar þeirra, sem fyrir eru. Þá þarf meiri hraða á jarðhitaleitinni við Kröflu en nú er ráðgerður svo að hagnýtt verði sem fyrst þau miklu mannvirki, sem þar hefur verið komið upp. Með tilliti til þessa alls er lagt til að aukin verði jarðhitaleit.
5. Ekkert er mikilvægara en að jarðvarminn verði hagnýttur sem fyrst til upphitunar húsa og leysi gasolíuna af hólmi. Þjóðhagslega er því ekkert brýnna en að hraða þeim hitaveituf framkvæmdum, sem standa yfir, og hefja nýjar framkvæmdir. Og þó að jarðvarminn sé ekki fyrir hendi, er verk að vinna, þar sem til þurfa að koma fjarvarmaveitur með kyndistöð. Slíkar framkvæmdir eru einnig mjög mikilvægar þjóðhagslega, þar sem fjarvarmaveiturnar geta hagnýtt afgangsráfmagn frá orkuverum landsins og afgangsvarma frá verksmiðjum og kælivatn dísilvéla, auk þess sem svartolía er tekin sem orkugjafi í stað gasolíu. Allt þetta kallar á aukinn hraða í hitaveituf framkvæmdum, hver sem orkugjafinn er.

Tillaga þessi fjallar um auknar framkvæmdir í orkumálum á árinu 1979 vegna hækkunar oliuverðs. En auðvitað var þörf fyrir meiri framkvæmdir en ráðgerðar eru, þótt oliuverðshækkunin hefði ekki komið til. Það var þörf á að veita t. d. til Vesturlínu um 4 000 millj. kr. á árinu 1979 og ljúka henni á því ári, í stað þess að veita ein-

ungis 1 549 millj. kr. og ljúka henni ekki fyrr en á árinu 1980. Orkuráð gerði að tillögu sinni til fjárlaga 1979, að framlag til styrkingar dreifikerfa í sveitum yrði 1 000 milljónir króna, en á fjárlögum eru veittar aðeins 220 millj. kr. Tillaga var gerð um 500 millj. kr. til sveitarafvæðingar, en ekkert veitt nema 200 millj. kr. á lánsfjáráætlun, sem aðallega gengur til heimtauga. Lagt var til, að til jarðhitaleitar færu 450 millj. kr., en veittar voru aðeins 350 millj. kr. Og þá var gerð tillaga um 1 000 millj. kr. til hitaveituframkvæmda, en aðeins veittar 330 millj. kr. Tillögur Orkuráðs, sem gerðar voru í júní 1978 um fjármagn til þessara framkvæmda og ætlað var Orkusjóði, námu samtals 2 950 millj. kr., en á fjárlögum 1979 voru veittar aðeins 900 millj. kr.

Oliuverðshækkunin, sem nú er við að fást, kom til hálfu ári eftir að Orkuráð gerði framangreindar tillögur. Óskum Orkuráðs var mjög stillt í hof, ef menn vilja á annað horð viðurkenna þörfina og að framkvæmdir í orkumálum skuli hafa forgang. En því miður var ekki fallist á þessar tillögur og framlög á fjárlögum ársins 1979 eru ekki einu sinni þriðjungur þeirrar heildarupphæðar, sem Orkuráð lagði til. Þetta var fráleit niðurstaða, þó að oliuverðshækkuninni nú hefði ekki verið til að dreifa, hvað þá heldur eins og nú er komið.

Tillaga þessi til þingsályktunar er flutt í því trausti, að hinn mikli vandi, sem oliuverðshækkunin nú veldur í ofanálag á það sem fyrir var, ýti við stjórnvöldum þannig að ekki einungis verði á árinu 1979 veitt það fjármagn til framkvæmda í orkumálum, sem tillögur höfðu verið gerðar um, heldur að enn meira verði að gert.

Hér er um að ræða framkvæmdir á því ári, sem nú er að liða. Samt sem áður hefur þingsályktunartillaga þessi mikla raunhæfa þýðingu. Í fyrsta lagi er meginhluti ársins eftir og aðalframkvæmdatíminn enn ekki hafinn. Í öðru lagi þarf undirbúningur og hönnun framkvæmda ekki að tefja aðgerðir í þessum efnunum. Verkefni, sem hér er um að ræða, eru í framkvæmd eða undirbúin til að hefja framkvæmd. Það er um að tefla að veita auknu fjármagni til þessara verkefna, svo að framkvæmdum verði hraðað á árinu og þær komi fyrr þjóðarbúinu að notum. Tillaga þessi gerir ráð fyrir að allra ráða sé leitað til að útvega þetta fjármagn, hvort heldur er með lántökum eða beinum framlögum úr ríkissjóði, enda verði beitt niðurskurði á öðrum útgjöldum ríkissjóðs í því skyni.

Tillaga þessi er flutt á þeirri forsendu, að engan tíma megi missa til að mæta þeim mikla vanda, sem oliuverðshækkunin nú veldur. Of mikið er í húfi þjóðhagslega og of miklar byrðar þeirra landsmanna, sem þyngst verða fyrir barðinu á oliuverðshækkuninni, til þess að ekki sé þess freistað að gera allt sem mögulegt er til úrbóta.

Að sjálfsögðu er tillaga þessi og flutt í trausti þess, að málum þessum verði fylgt eftir á næstu árum og framvegis með þeim hraða og fyrirhyggju, sem mikilvægi orkumálanna fyrir þjóðarbúskap Íslendinga krefur.